

Réttarfar og réttlæti – birtist í Morgunblaðinu 22. sept. 2020

Á Vesturlöndum má víða sjá breytingar á réttarkerfinu, sem endurspeglar að vissu leyti löggjöf og samninga þess efnis, að konur séu fórnarlömb. Er slík þróun réttlætanleg?

Allvíða á Vesturlöndum hefur lögum verið breytt í þá veru, að engin eiginleg sönnunarfærsla sé í raun nauðsynleg fyrir rétti, þegar konur ásaka karla um kynferðislegan dónaskap eða afbrot. Kvenfrelsunarforsætisráðherra vor, Katrín Jakobsdóttir, og aðrir íslenskir kvenfrelsarar, berjast hatrammlega fyrir innleiðingu slíkrar „réttarbótar“ á Íslandi. Víða í Bandaríkjunum Norður-Ameríku (BNA) hefur aukin heldur verið á komið á fót sýndardómstólum (svonefndum „kengúrudómstólum“) í skólum, fyrirtækjum og stofnunum. Þeir „dæma“ einnig í nefndum málum. Slíkir dómstólar eru ekki óalgengir á Íslandi og flokkast jafnvel undir vinnuvernd.

Réttarfar á Vesturlöndum, hvað samskipti kynjanna varðar, einkennist sem sé af misrétti gegn körlum. Það er jafnvel svo, að konum sé gert kleift að sölsa undir sig sameiginlegar eignir hjóna með ásökun um ofbeldi einni saman – án eiginlegra réttarhalda. Nú er meira að segja verið að leggja drög að því í Bretlandi, að eiginkona, sem myrðir karl sinn, erfi eigur hans.

Það hefur löngum viðgengist, að mæðrum sé miklu oftar dæmd eða úrskurðuð forsjá sameiginlegra barna og óhæfilega há fjárframlög, eftir skilnað. Feður, sem ekki ráða við greiðslur til framfærslu fyrrum eiginkvenna og barna, eru umvörpum úrskurðaðir í fangelsi í BNA.

Það er miklu líklegra, að karlar séu ákærðir fyrir glæpi, heldur en konur. Þar að auki eru dómar þeirra miklu þyngri. Karlar drepa yfirleitt karla, konur jafnan líka. Á seinni helmingi síðustu aldar frömdu í BNA um nítján hundruð konur morð. Níutíu af hundraði drápu karla. Samtals drápu þær um sextíu þúsund karla. Engin kona var tekin af lífi fyrir morð á einum karlmanni.

Við réttarhöld er venjulegt, að konur beiti eftirtöldum varnartilbrigðum; 1) konur eru í eðli sínu saklausar; 2) dómgreind kvenna brenglast sökum kynvakatruflana í tíðahringnum; 3) konur þjást af fæðingarþunglyndi eða öðru þunglyndi; 4) konur þjást af ástarsýki; 5) karlinn heldur fram hjá þeim; 6) karlinn misnotar þær og ber; 7) móðureðlið aftrar því, að mæður drepi afkvæmi sín; 8) börnin þarfnast móður sinnar; 9) eiginlega er föður um að kenna, þegar konur myrða börn; 10) það er réttur móður að misnota eigið barn, eigin framlengingu. Einnig er oft og tíðum samið við ákærvaldið, þegar ódæði konu er framið ásamt karli, þannig að hann taki á sig sakargiftir að mestu. Útvegi konan sér leigumorðingja, er hann sekur fundinn. Konan sleppur.

Þegar karlmaður er sakaður um nauðgun, beita konur oft og tíðum því varnartilbrigði, sem kennt er við skjöld. Nauðgunarskjöldurinn verndar sakarabera fyrir óþægilegum spurningum verjanda hins ákærða um kynlíf hennar. Í raun er gengið út frá því sem vísu, að um réttmæta ákæru sé að ræða, enda þótt rannsóknir, sem mark er á takandi, segi aðra sögu. Hæstiréttur BNA telur, að slík yfirheyrsla valdi fórnarlambinu tvöföldu áfalli. Fyrst sé konunni nauðgað í eiginlegum skilningi og svo í óeiginlegum skilningi við yfirheyrslu. Norður-ameríski fræðimaðurinn, Warren Farrell, segir um þetta: „Lögin um nauðgunarskjöldinn eru talin standast stjórnarskrá sökum þess, að þegar skoðað er inn að hjartarótum, vill enginn gruna um græsku konu, sem fullyrðir, að henni hafi verið nauðgað.“

Algennt er, að kvenmorðingjar séu sýknaðir. T.d. er það talin sjálfsvörn bæði í Kaliforníu og Ohio, þegar konur myrða karla sína í svefni, segi þær sig hafa verið beittar heimilisofbeldi. Alkunn staðhæfing er sú, að konur drepi einungis karla sína, hafi þær orðið fyrir barsmíðum af þeirra hálfu. Rannsóknir styðja ekki slíka fullyrðingu. Í rannsókn norður-ameríska afbrotufræðingsins, Coramae Richey Mann (1931-2004), sem rannsakaði fjölda slíkra morðingja, hafði engin þeirra barsmíðar af hálfu hins myrta í andlegu farteski sínu.

Á hálfum áratugi eða svo fæddist ein milljón eiturlyfjabarna (crack) í BNA. Einungis sextíu mæður voru ákærðar. Ein þeirra hlaut dóm. Um ellefu af hundraði barna í BNA eru fædd fíkniefnamæðrum. Oftast er um einstæðar mæður að ræða. Meðal eiturlyfjasala er mæðradagurinn sá dagur, sem einhleypar eiturlyfjamæður fá tryggingapeningana sína. Í Washington ríki deyja þrír af hundraði hvítvoðunga af eiturneyslu í gegnum móður sína. „Algengasta réttlætning þess að sýkna mæður, sem drepa börn sín, er sú, að börnin þarfnist þeirra.“ (Warren Farrell) Þeirri réttlætningu er víðar beitt.

Þýðingar eru höfundar.